

8. gr.

Nú hefur gatnagerðargjald eða gangstéttargjald verið greitt af lóð og skal það þá gilda sem greiðsla á A- gjaldi.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt fjórðu grein greiðist þannig að 20% greiðast þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en endanlega hefur verið gengið frá gangstétt fyrir framan lóð gjaldanda.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Sveitarstjórn sker úr ágreiningi er kann að rísa um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Nesjahrepps A-Skaftafellssýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. ágúst 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt nr. 615 frá 1980 fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f.

2. másl. 1. mgr. 29. gr. hljóði þannig:

„Ennfremur skal fundurinn kjósa löggiltan endurskoðanda.”

Þannig samþykkt á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands h.f. hinn 28. mars 1981.

Í bankaráði Iðnaðarbanka Íslands h.f.,

Gunnar J. Friðriksson. Sveinn S. Valfells. Gunnar Guðmundsson.

Kjartan Ólafsson. Sigurður Magnússon.

Framangreind breyting staðfestist hér með.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1981.

Hjörleifur Guttormsson.

Jafet S. Ólafsson.